



Til bæjarráðs.

Kópavogi, 26. apríl 2021
2104661/511.03 GGG

Efni: Tónahvarf 4, afturköllun úthlutunar.

Á fundi bæjarstjórnar 24. apríl 2018 var samþykkt að úthluta Litluvöllum ehf. kt. 570513-0520 lóðinni Tónahvarf 4.

Skv. bréfi bæjarstjóra um úthlutun lóðarinnar, dags. 12. maí 2016 segir: „Vakin er athygli á því að bæjarstjórn er heimilt að afturkalla lóðarúthlutun, ef lóðarhafi greiðir ekki lóðargjöld á tilskildum tíma.“

Margítrekað hefur verið gengið eftir því að gerð verði grein fyrir framkvæmdum á lóðinni, m.a. með bréfum og fundi sviðsstjóra umhverfissviðs með lóðarhafa. Nú síðast með símtali Guðrúnar Eddu á lögfræðideild Kópavogsbæjar, þar sem fram kom að engin áform eru um framkvæmdir. Í framhaldi voru sendir tölvupóstar, dags. 12., 19. og 26. apríl 2021, þar sem óskað var eftir viðbrögðum frá lóðarhafa varðandi fyrirhugaða afturköllun lóðarúthlutunar. Hafa engin svör borist.

Skv. lóðarleigusamningi dags. september 2018 eru tímamörk til að fullgera hús og ganga frá lóð til 1. september 2021.

Fyrir liggur að lóðarhafi hefur engin áform um framkvæmdir á lóðinni og leggur undirritaður til að úthlutun lóðarinnar Tónahvarf 4 verði afturkölluð.

Virðingarfyllt,


Pálmi Þór Másson
bæjarlögmaður